

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar —Júlí 2022

Skráð atvinnuleysi í júlí var 3,2% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá júní

Skráð atvinnuleysi var 3,2% í júlí og minnkaði úr 3,3% í júní. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 396 frá júnímánuði.

Að meðaltali voru 6.279 atvinnulausir í júlí, 3.402 karlar og 2.877 konur.

Af einstökum landshlutum dró mest hlutfallslega úr atvinnuleysi á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,5% og minnkaði úr 5,8% í júní. Næst mest var atvinnuleysið 3,5% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 3,7% í júní.

Minnst var atvinnuleysi í júlí á Norðurlandi vestra 0,7%, og 1,4% á Vesturlandi, Vestfjörðum svo og á Austurlandi.

Alls höfðu 2.387 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí og fækkaði um átta frá júní.


Alls voru 2.842 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 221 frá júní eða um 7%. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá lækkaði úr 44% í júní í 43% í júlí.

Í júlí 2022 gaf Vinnumálastofnun út 222 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 155 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 156 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 66 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 33 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2022 með samtals 259 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni ekki breytast mikið í ágúst og verða á bilinu 3,0% til 3,4%.

Próun atvinnuleysis júlí 2020 til júlí 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum


Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,2 prósentustig og var 3,5% í júlí. Atvinnuleysi á landsbyggðinni sem heild minnkaði um 0,1 prósentustig frá júní og var 2,6% í júlí. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,1 prósentustig frá júní og var 3,2% í júlí.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,5% og minnkaði úr 5,8% í júní. Næst mest var atvinnuleysið 3,5% á höfuðborgarsvæðinu. Alls staðar dró úr atvinnuleysi í júlí nema á Vestfjörðum þar sem það breyttist óverulega. Af einstökum landshlutum dró mest hlutfallslega úr atvinnuleysi á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi.

Minnst var atvinnuleysi í júlí á Norðurlandi vestra 0,7%, og 1,4% á Vesturlandi, Vestfjörðum svo og á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júní og júlí.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á Vestfjörðum þar sem það var 1,6% meðal karla og 1,3% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,9% og atvinnuleysi kvenna

0,5% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,5% og atvinnuleysi kvenna 1,3%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt 3,5%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júlí.

Almennt atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.560 í lok júlí, 3.492 karlar og 3.068 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 214 frá júnílokum og atvinnulausum konum fækkaði um 144.

Alls voru 479 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júlí og hefur þeim fækkað um 49 frá júnílokum.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.387 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí og fækkaði um átta frá júní. Hins vegar voru þeir 5.361 í júlílok 2021.


Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fjölgaði frá júní um 108 og voru 1.917 í lok júlí. Í lok júlí 2021 var þessi fjöldi hins vegar 3.459.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok júlí fækkaði í öllum atvinnugreinum frá lokum júní. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum og upplýsingatækni- og útgáfu eða um 15% fækkun atvinnulausra milli mánaða.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.842 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um 221 frá júní. Þessi fjöldi samsvarar um 7,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Fækkun atvinnulausra með erlent ríkisfang er meiri en þeirra með íslenskt ríkisfang í júlí eða um 7% en tæp 4% fækkun meðal atvinnulausra með íslenskt ríkisfang. Mesta fækkun atvinnulausra með erlent ríkisfang er m.a. í ferðapjónustu, fiskvinnslu og mannvirkjagerð. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 43% í júlí og lækkaði úr 44% í júní.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.410 sem er um 50% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum. Nú er fjöldi atvinnulausra Rúmena meiri en atvinnulausra Letta.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júlí 2022



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í júlí 2022 gaf Vinnumálastofnun út 222 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 155 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 156 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 66 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júlí, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna

eða 84 leyfi. Þá var gefið út 51 sérfræðileyfi og 28 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og eins 28 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júlí voru flest leyfi gefin út vegna þjónustustarfa eða 29%, 28% vegna starfa verkafólks og 26% vegna sérfræðistarfa. Um 16% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júlí 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 33 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2022 með samtals 259 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 602 í júlí á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 51%, 20% frá Lettlandi og 13% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 16% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra